



Samtök banka og verðbréfafyrirtækja
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland

Alþingi
Erindi nr. P 133/3S2
komudagur 27.11.2006

Reykjavík, 24. nóvember 2006

Félagsmálaráðherra,
Magnús Stefánsson

Efni: Lánasjóður sveitarfélaga

Lánasjóður sveitarfélaga sendi í haust Kauhöll Íslands tilkynningu um fyrirhugaða breytingu á eignarhaldi sjóðsins og áform um formbreytingu hans í opinbert hlutafélag. Nú hefur verið lagt fram frumvarp á Alþingi þar sem þessum áformum er fylgt eftir.

SBV fagna því að þessi skref séu stigin. Með því verður einstökum sveitarfélögum eftirlátið til framtíðar að ákveða með hvaða hætti þau kjósa að ávaxta eigur sínar í sjóðnum. SBV setja þó fyrirvara við að girða eigi fyrir það með lögum að sveitarfélög eða stofnanir og fyrirtæki í þeirra eigu geti framselt eignarhluti sína í félaginu, til þeirra sem best bjóða hverju sinni, ef þau sjá sér hag í því.

Þá telja SBV mikilvægt að samhliða þessum breytingum verði gerðar breytingar á 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga, nr 4/1995. Í bréfi SBV til félagsmálaráðherra dags. 19. janúar 2005 bentu samtökin á þá mismunun sem felst í ákvæði sem veitir LS einu lánafyrirtækja heimild til að taka veð í tekjum sveitarfélaga. Ljóst er að ákvæðið samræmist illa þeim breytingum sem gerðar voru á sjóðnum þegar hann var felldur undir lög um fjármálafyrirtæki, með lögum nr. 136/2004. Slík sérréttindi verða enn óeðlilegri eftir þær breytingar sem frumvarpið ráðgerir. Lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, eru almenn lög og óeðlilegt að ætla sjóðnum að njóta þess ávinnings sem sú lagalega umgjörð býður en á sama tíma að veita honum samkeppnisleg sérréttindi umfram aðra. SBV hvetja ráðherra til að beita sér fyrir því að samhliða lögfestingu 376. þingmáls verði fyrrgreindu ákvæði 73. gr. laga nr. 45/1995 breytt í þá veru að jafnræði ríki milli lánveitenda hvað slíka veðsetningu varðar.

Virðingarfyllt,

Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri

Afrit:
Lánasjóður sveitarfélaga